

1915, um rafmagnsveitur, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut 50  
eiga að máli. 15. mars

Í stjórnaráði Íslands, 15. mars 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

## Auglýsing

51  
23. mars

um staðfesting stjórnarráðsins á breytingu á reglugjörð  
fyrir mjólkursölu í Reykjavík 19. desember 1913,  
um breytingu á reglugjörð frá 2. mars 1912.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðisamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjer með staðfast samþykkt bæjarstjórnarinnar um að fella úr gildi breytingu á reglugjörð fyrir mjólkursölu í Reykjavík staðfesta af stjórnarráðinu 19. desember 1913, þannig að lágmark fitu í nýmjólk verði 3.25%, eins og ákveðið er í reglugjörðinni 2. mars 1912.

Þetta er hjer með gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 23. mars 1916.

Einar Arnórsson.

G. Sveinbjörnsson